

Föstudaginn 28. febrúar 1986.

Nr. 169/1985,
170/1985 og
252/1985.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Þjófnaður. Ólögmat meðferð á fundnu fé. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjað er þremur dómum sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. júní 1985, 20. júní 1985 og 11. september 1985. Refsing sú, sem ákærða var gerð með dóminum 13. júní 1985 (hæstaréttarmál nr. 169/1985), er hegningarauki við áður dæmda refsingu. Brot þau, sem um er fjallað í dómunum 20. júní 1985 (hæstaréttarmál nr. 170/1985) og 11. september 1985 (hæstaréttarmál nr. 252/1985), eru framin áður en dómurinn 13. júní 1985 var kveðinn upp svo og flest hver áður en upp voru kveðnir þeir dómar sakadóms Reykjavíkur sem síðast nefndur dómur er hegningarauki við. Með dómunum 13. júní og 11. september 1985 var ákærði dæmdur til refsingar ásamt öðrum, en báðum þeim málum er einungis áfrýjað að því er til ákærða tekur. Samkvæmt þessu hafa öll málin þrjú verið flutt saman fyrir Hæstarétti þannig að refsing ákærða geti orðið ákveðin í einu lagi vegna allra brotanna.

Öllum málunum er áfrýjað að ósk ákærða. Jafnframt er þeim áfrýjað af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar en að öðru leyti er krafist staðfestingar dómanna, þó með eftirtöldum frávikum:

1. Ákærði verði sakfelldur eftir þeim lagaákvæðum sem greind eru í II. kafla 2. tölul. í ákæruskjali 18. apríl 1985 og um er fjallað í I. kafla dóms þessa.

2. Ákærði verði sakfelldur samkvæmt II. ákærulið í ákæruskjali 4. júní 1985 og um er fjallað í II. kafla dóms þessa.

3. Ákærði verði sakfelldur samkvæmt þeim lagaákvæðum sem greind eru í II. kafla 6. tölul. í ákæruskjali 22. ágúst 1985 og um er fjallað í III. kafla þessa dóms.

Ágrip málanna bárust Hæstarétti 10. október 1985 og 17. janúar 1986.

Aðiljar hafa ekki óskað þess að skaðabótakröfur þær sem dæmdar voru að efni til í héraði verði teknar til meðferðar fyrir Hæstarétti. Koma þær því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Í I hér á eftir verður fjallað um þau ákæruefni sem dæmd voru með dómi sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1985, í II um ákæruatriði sem um er fjallað í dóminum 20. júní 1985 og í III um ákæruatriði sem dæmd voru í dóminum 11. september 1985. Þann dóm hefur kveðið upp Pétur Guðgeirsson sakadómari.

I. Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1985:

Við flutning málsins var af ákærvalds hálfu leiðrétt misritun í ákæruskjali á númeri tékka þess sem þar er talinn vera númer 2165548 en á að vera 2165584. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 stendur þessi villa í ákæruskjali ekki í vegi fyrir því að ákærða verði dæmt áfall vegna tékka þessa, en verjandi hans hefur fengið færi á að tjá sig um framangreinda leiðréttingu á sakargiftum.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í blóðsýni, sem tekið var úr ákærða kl. 0557 hinn 31. mars 1984, vera 1,04‰. Bifreiðaaakstur ákærða án ökuréttinda, sem honum er gefinn að sök í II. kafla ákæru, 2. tölulið, varðar því við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., og 1. mgr. 27. gr. sbr. 81. gr. laga nr. 40/1968. Með þessari breytingu ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti að fallast á niðurstöðu hans um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota hans til refsíákvæða, þó að því athuguðu að atferli ákærða, sem greint er í II. kafla 5. tölul. ákæru, á einnig undir 2. mgr. 49. greinar umferðar-laga.

II. Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. júní 1985:

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota hans til refsíákvæða, en þau eru hin sömu og í ákæruskjali greinir.

III. Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. september 1985:

Í II. kafla 6. tölul. ákæru er ákærða gefið að sök að hafa selt tékka nr. 31334 í Landsbanka Íslands sem sagður er vera „við Lækjargötu“ en það er mishermi. Ranghermi þetta, sem leiðrétt var við flutning málsins fyrir Hæstarétti, stendur því ekki í vegi að ákærði verði sakfelldur fyrir brot þetta sem að öðru leyti er rétt lýst í ákæru.

Í II. kafla 5. tölul. ákæruskjals er ekkert refsíákvæði greint sem ákærði teljist hafa brotið með því að slá eign sinni á seðlaveski Christians Emils Þorkelssonar, eða heiti þess brots, svo sem skylt var eftir 3. tl. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976. En þar sem verknaðarlýsing er ótvíræð og augljóst að þann verknað beri að heimfæra undir 246 gr. almennra hegningarlaga þykir með lögjöfnun frá 3. mgr. 118. greinar laga nr. 74/1974 mega gera ákærða refsingu fyrir brotið samkvæmt nefndri 246. grein svo sem héraðsdómari hefur gert, enda hefur verjandi ákærða fengið að tjá sig um þetta atriði.

Ákærði falsaði nafnritanir útgefanda og framseljanda á þá sex tékka sem greinir í 6. tölul. II. kafla ákæruskjals og notaði þá í lögskiptum svo sem lýst er í ákærunni. Við það notaði ákærði öku-skírteini Christians Emils Þorkelssonar til að sanna á sér deili. Hefur hann með þessu brotið gegn 157. gr. almennra hegningarlaga auk 1. mgr. 155. greinar sömu laga.

Að öðru leyti en að framan greinir ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota hans til refsíákvæða.

IV. Viðurlög.

Brot ákærða, sem ákæra 18. apríl 1985 tekur til, að undanskildu broti sem greinir í 5. tl. II.kafla ákæru, eru öll framin áður en ákærði sætti refsidómum 27. nóvember 1984 og 26. febrúar 1985. Sama á við um brot ákærða samkvæmt I. kafla og 1.-4. tölul. II.

kafla í ákæru 22. ágúst 1985. Brot samkvæmt 5. og 7. tölul. II. kafla þeirrar ákæru framdi ákærði áður en dómurinn 26. febrúar 1985 var kveðinn upp en brot samkvæmt 6. tölul. II. kafla á uppsögudegi þess dóms. Verður honum því nú dæmdur hegningarauki. Áður en brot þau voru framin, sem hér er dæmt um, hefur ákærði fimm sinnum verið dæmdur fyrir auðgunarbrot.

Refsingu ákærða ber að ákveða með tilliti til 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi. Til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu sá tími er ákærði sætti gæsluvarðhaldi 1. til 12. september 1985.

Samkvæmt 81. grein umferðarlaga ber að ákveða að ákærði eigi að vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað verður staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, alls 24.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, alls 24.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson, sæti fangelsi 18 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist ákærða 1.-12. september 1985 skal koma til frádráttar refsingu með fullri dagatölu.

Ákærði á að vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 24.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 24.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 13. júní er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 333-334/1985: Ákæruvaldið gegn H og Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, sem tekið var til dóms þann 23. f.m.

Mál þetta er höfðað með ákæru dagsettri 18. apríl sl. á hendur ákærðu H og Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, nú refsifanga, Keldulandi 7, fæddum í Reykjavík 16. júní 1957, báðum til heimilis í Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum:

I. Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt föstudagsins 9. mars 1984 stolið myndbandstæki af gerðinni SHARP um borð í m.b. Gauki GK í Grindavíkurhöfn í félagi við Halldór Lárus Pétursson, fæddan 06.03. 1958.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærða Rögnvaldi Ómari er einum gefið að sök:

1.

Fjársvik með því að hafa í ágúst 1983 notað í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 4 tékka, samtals að fjárhæð kr. 33.500, sem hann gaf út til handhafa á tékkareikning sinn nr. 69510 við Búnaðarbanka Íslands án þess að innistæða væri fyrir tékkanum á reikningnum:

1) Tékki nr. 2163497, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 11. ágúst. Ákærði afhenti Sólveigu Berndsen tékkann.

2) Tékki nr. 2165548 að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 11. ágúst. Seldur í Söluturninum Sólvallagötu 27.

3) Tékki nr. 2165594, að fjárhæð kr. 15.000, reikningsnúmer ritað 100123, dagsettur 25. ágúst. Seldur í aðalbanka Landsbanka Íslands.

4) Tékki nr. 2165592, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 25. ágúst. Seldur í Alþýðubankanum við Laugaveg.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

2.

Að hafa aðfaranótt laugardagsins 31. mars 1984 ekið bifreiðinni G-18886 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá veitingahúsinu Hollywood við Ármúla í Reykjavík að Nauthólsvík, en þar hafði lögreglan afskipti af honum nokkru síðar.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

3.

Aðfaranótt föstudagsins 8. júní 1984 farið um borð í fiskiskipið Óskar Halldórsson RE-157 sem lá við Suðurgarðinn í Hafnarfirði og stolið þar sjónvarpstæki af gerðinni NORDMENDE.

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

4.

Aðfaranótt föstudagsins 31. ágúst 1984 ekið bifreiðinni R-46603 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Jórufelli 2 uns lög-reglumenn höfðu afskipti af akstri hans á Elliðavogi skammt norðan Holta-vegar.

Telst þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

5.

Fimmtudaginn 28. febrúar 1985 ekið bifreiðinni Y-7715 sviptur ökuréttindum ævilangt um götur í Reykjavík og ekið án nægilegrar aðgæslu vestur Skúlagötu með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði á bifreiðinni R-52161 við mót Skúlagötu og Barónsstígs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., 5. mgr. 45. gr. og 2. mgr. 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar og ákærði Rögnvaldur Ómar jafnframt til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Málavextir eru þessir:

I.

Aðfaranótt föstudagsins 9. mars 1984 var stolið myndbandstæki af gerðinni Sharp 7300 úr motorbátnum Gauk GK, þar sem hann lá við festar við höfnina í Grindavík.

Ákærðu hafa báðir viðurkennt að hafa verið þarna að verki og borið að þeir hafi farið um borð, en á meðan hafi Halldór Lárus Pétursson beðið í bifreið við bátinn. Hafi Halldór Lárus keypt tækið af ákærða H fyrir kr. 10.000. Halldór Lárus hefur hins vegar mótmælt þessu, og hefur tækið ekki komist til skila.

Framangreint brot ákærðu varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin bótakrafa hefur verið lögð fram vegna þessa þjófnaðar.

II.

1. Ákærði Rögnvaldur Ómar Berg gaf út þá 4 tékka á tékkareikning sinn nr. 69510 við Búnaðarbanka Íslands, sem að allri gerð er rétt lýst í þessum kafla ákæru, samtals að fjárhæð kr. 33.500, þrátt fyrir að hann vissi að ekki var til næg innistæða á reikningnum við útgáfu þeirra. Seldi hann tékka nr. 2165584 að fjárhæð kr. 1.000 í staðgreiðsluviðskiptum í Söluturninum, Sólvallagötu 27. Tékka nr. 2163497, að fjárhæð kr. 2.500, sem framseldur er af Sólveigu Berndsen en síðar af Reynisbúð og Mjólkursamsölunni, kannaðist ákærði við að hafa gefið út og afhent Sólveigu. Við

rannsókn málsins hjá RLR var hins vegar ekki gerður reki að því að yfirheyra Sólveigu, svo sem rétt hefði verið. Tékkra nr. 2165594 að fjárhæð kr. 15.000 seldi ákærði í Landsbanka Íslands. Tékkra nr. 2165592 framseldi ákærði með eigin nafni í Alþýðubankanum. Fékk hann greiddar kr. 11.000 af andvirði tékkans, en kr. 4.000 lagði hann inn á sparisjóðsbók nr. 524262 á nafni sonar hans. Framangreindum reikningi ákærða var lokað þann 22. ágúst 1983.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi svikið út með framangreindum hætti samtals kr. 29.500 og varðar sú háttsemi við 248. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur þegar greitt framkomnar kröfur vegna tékkanna í lið 1 og 2, samtals kr. 3.500, svo og kr. 1.500 af andvirði tékkans í lið 3 og kr. 1.073 af þeim 11.000 kr. sem krafist er vegna tékkans í lið 4. Hann hefur samþykkt að greiða Landsbanka Íslands eftirstöðvar framkominnar kröfu, þ.e. kr. 13.500 ásamt dómvöxtum frá 25. ágúst 1983 til greiðsludags, svo og Alþýðubankanum eftirstöðvar að fjárhæð kr. 9.927 ásamt dómvöxtum frá sama degi til greiðsludags.

2. Ákærði hefur játað að hann hafi ekið bifreiðinni G-18886 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum aðfaranótt laugardagsins 31. mars 1984 frá skemmtistaðnum Hollywood í Ármúla hér í borg í Nauthólsvík, en þar hafði lögreglan afskipti af honum um kl. 05.00. Var hann í framhaldi af akstrinum færður fyrir varðstjóra og þaðan á slysadeild Borgarspítalans þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 05.57. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar mældist 1,04‰ alkóhóls í blóðinu.

Þykir ofangreind háttsemi ákærða sönnuð og varðar hún við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

3. Aðfaranótt föstudagsins 8. júní 1984 fór ákærði Rögnvaldur Ómar Berg um borð í bátinn Óskar Halldórsson RE 157, sem lá við bryggju við Suðurgarð í höfninni í Hafnarfirði, og stal úr matsal bátsins sjónvarpstæki af gerðinni Nordmende. Komst hann inn í matsalinn með því að sprengja og spenna þar upp hurð. Ákærði seldi Halldóri Lárusi Péturssyni tækið fyrir kr. 25.000. Hafði hann fengið kr. 4.000-5.000 af umsömdu verði er hann var handtekinn. Tækið komst til skila.

Með játningu ákærða og öðrum málsgögnum er framangreind háttsemi ákærða sönnuð, og varðar hún við 244. gr. alm. hegningarlaga.

4. Ákærði hefur játað að hann hafi ekið bifreiðinni R-46603 undir áfengisáhrifum og sviptur ökuréttindum aðfaranótt föstudagsins 31. ágúst sl. frá Jórufelli 2 hér í borg um ýmsar götur borgarinnar uns lögreglumenn höfðu afskipti af akstrinum á Elliðavogi skammt frá Holtavegi um kl. 00.40. Að lokinni yfirheyrslu hjá varðstjóra var hann færður til töku blóð-

sýnis til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans þar sem honum var tekið sýnið kl. 01.30. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar mældist 2,73‰ alkóhóls í blóði hans.

Telst framangreind háttsemi ákærða sönnuð, og varðar hún við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

5. Þá hefur ákærði ennfremur jatað að hann hafi ekið bifreiðinni Y-7715 sviptur ökuleyfi frá Mjólkursamsölunni við Laugaveg hér í borg áleiðis niður í miðborg, en akstrinum lauk á Skúlagötu við Barónsstíg þar sem hann ók bifreiðinni án nægilegrar aðgæslu með þeim afleiðingum að hún lenti aftan á bifreiðinni R-52161.

Þykir þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Rögnvalds Ómars Berg hefur hann frá árinu 1974 11 sinnum gengist undir dómsátt, þar af 6 sinnum fyrir ölvun á almannafæri, einu sinni fyrir fíkniefnabrot, tvívegis fyrir réttindaleysi við akstur, einu sinni fyrir ölvun við akstur og einu sinni vegna brots gegn sjómanna- og áfengislögum. Þá hefur hann þrívægis verið dæmdur vegna ölvunar við akstur. Auk þeirra dóma hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1975 30/9 Sakfelldur fyrir þjófnað. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.
- 1975 20/11 Sakfelldur fyrir þjófnað. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.
- 1977 28/3 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og ölvun við akstur. Sviptur ökuleyfi ævilangt.
- 1977 18/4 Sakfelldur fyrir þjófnað. Refsing ekki dæmd.
- 1977 15/11 Sekt fyrir ölvun við akstur og ýmis umfl. brot.
- 1978 6/10 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1983 12/10 60 daga varðhald fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur svo og of hraðan akstur. Sviptur ökuleyfi ævilangt.
- 1984 27/11 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1985 26/2 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Hegningarauki.

Brot ákærða H er framið áður en dómurinn yfir honum frá 4. mars sl. var upp kveðinn. Ber því nú skv. 78. gr. alm. hegningarlaga að ákveða

honum hegningarauka, sem með hliðsjón af sakarferli ákærða og 77. gr. alm. hegningarlaga þykir hæfilega ákveðinn 3 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Rögnvalds Ómars Berg eru öll, að undanskildu brotinu í 5. lið II. kafla, framin áður en dómarnir frá 27. nóvember og 26. febrúar sl. voru upp kveðnir. Ber því nú að ákveða honum hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga, sem með hliðsjón af sakarferli hans og 77. gr. alm. hgl. þykir hæfilega ákveðinn 6 mánaða fangelsi.

Í ákæruskjali er þess krafist að ákærði Rögnvaldur Ómar Berg verði dæmdur til sviptingar ökuréttinda skv. 81. gr. umfl. Með dóminum frá 12. október 1983 var hann sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. nóvember 1981. Samkvæmt því er ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt, og verður sú svipting því ekki frekar árétuð í dómi þessu.

Skaðabótakröfur:

Skaðabótakröfum, sem fram hafa komið í málinu, hefur verið lýst hér að framan og verður ákærði Rögnvaldur Ómar Berg dæmdur til greiðslu þeirra sem hér segir: Landsbanka Íslands kr. 13.500 og Alþýðubankanum hf. kr. 9.927. Jafnframt greiði hann ofangreindum aðilum dómvexti af þessum fjárhæðum frá 25. ágúst 1983 til greiðsludags.

Þá er ákærði H dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, dr. jur. Gunnlaugi Þórðarsyni hrl., kr. 6.000 í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði H sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Rögnvaldur Ómar Berg greiði Landsbanka Íslands kr. 13.500 og Alþýðubankanum hf. kr. 9.927. Jafnframt greiði hann dómvexti af framangreindum fjárhæðum frá 25. ágúst 1983 til greiðsludags.

Ákærði H greiði skipuðum verjanda sínum, dr. jur. Gunnlaugi Þórðarsyni hrl., í málsvarnarlaun kr. 6.000.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. september 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 11. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Syðri-Tungu í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 502-503/1985: Ákærvaldið gegn E og Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara á hendur E og Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, Keldulandi 7 í Reykjavík, fæddum 16. júní 1957 í Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot gegn umferðarlögum og almennum hegningarlögum:

I. Ákærðu er báðum gefið að sök skjalafals með því að hafa, laugardaginn 25. ágúst 1984, við kaup ákærða Rögnvalds Ómars á bifreiðinni R-46603 af Bílaskiptum hf., afhent Helga Eyjólfsyni vegna Bílaskipta hf. 11 víxla sem greiðslu fyrir bifreiðina, hvern að fjárhæð kr. 10.909, samþykktu til greiðslu af ákærða Rögnvaldi Ómari, 8 víxla á mánaðarlegum gjalddögum frá 24. september 1984 til 24. apríl 1985 og 3 víxla á gjalddögum 29. maí, 29. júní og 29. júlí 1985, eftir að hafa falsað á alla víxlana útgefandanafnið Sigrún Jónsdóttir, Keldulandi 7 og ábekingsnafnið Höskuldur Magnússon....

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærða Rögnvaldi Ómari er gefið að sök:

1.

Að hafa í júníbyrjun 1984 brotist inn í íbúðarhúsið að Langagerði 12 í Reykjavík og stolið þar peningakassa sem hafði að geyma hálsfesti og armband úr gulli, 3 tékkhefti, 2 frá Iðnaðarbanka Íslands og eitt frá Samvinnubankanum á Sauðárkróki, að minnsta kosti 400 íslenskum krónum og smáupphæð í erlendum gjaldeyri auk fjölda skjala....

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

2.

Tékkafals með því að hafa í júlí 1984 notað í viðskiptum í Reykjavík, nema annað sé tekið fram, eftirgreinda 7 tékka samtals að fjárhæð kr. 41.900 sem hann falsaði á eyðublöð úr tékkhefti frá Samvinnubankanum á Sauðárkróki sem hann komst yfir í framangreindu innbroti, en tékkana gaf hann alla út til handhafa og valdi reikningsnúmer af handahófi:

1. Nr. 73521, dagsettur 23.07. 1984, að fjárhæð kr. 3.500, með útgefandanafninu J.H. Guðmundsson. Ákærði framvísaði tékkanum í söluskyni í verslun Guðmundar Hermannssonar, Lækjargötu 2.

2. Nr. 73517, dagsettur 20.07. 1984, að fjárhæð kr. 6.400, með útgefandanafninu Geir Waage. Seldur á einni af bensínafgreiðslum Skeljungs hf.

3. Nr. 73516, dagsettur 20.07 1984, að fjárhæð kr. 6.500, með útgefandanafninu Geir Waage. Sama notkun.

4. Nr. 73518, dagsettur 20.07. 1984, að fjárhæð kr. 6.300, með útgefandanafninu Geir Waage. Seldur í versluninni Leðurveski, Skólavörðustíg 17.

5. Nr. 73514, dagsettur 20.07. 1984, að fjárhæð kr. 8.000, með útgef-

andanafninu Geir H. Guðmundsson. Seldur í verslun Hagkaupa, Skeifunni 15.

6. Nr. 73515, dagsættur 20.07. 1984, að fjárhæð kr. 5.000, með útgefandanafninu Geir Waage og framseljandanafninu J.H. Guðmundsson. Seldur í versluninni Drífu, Hlíðarvegi 53 í Kópavogi.

7. Nr. 73519, dagsættur 20.07. 1984, að fjárhæð kr. 6.200, með útgefandanafninu Geir Waage og framseljandanafninu J.H. Guðmundsson. Seldur í einni af bensínafgreiðslum Ollíuverslunar Íslands hf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

3.

Tékkamisferli framið í Reykjavík í júlí og ágúst 1984 svo sem rakið verður:

1. Í júlíbyrjun afhent Stefáni Stephensen Tyrfingssyni, bifreiðarstjóra, sem greiðslu fyrir leiguakstur, 1.500 króna tékka, sem hann gaf út til handhafa með útgefandanafnrituninni Guðmundur (föðurnafn ólæsilegt) á eyðublað nr. 96485 úr tékkhefti frá Iðnaðarbanka Íslands við Lækjargötu í Reykjavík, sem hann hafði komist yfir, en reikningsnúmer valdi hann af handahófi...

2. Hinn 18. júlí selt í versluninni Úr og klukkur, Austurveri, 7.700 króna tékka, sem hann gaf út með ólæsilegri útgefandanafnritun til handhafa á eyðublað nr. 305374 frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis en reikningsnúmerið 2391 valdi hann af handahófi...

3. Hinn 1. ágúst afhent Kristínu Gísladóttur, Meistaravöllum 17, Reykjavík, sem greiðslu á skuld, 3.500 króna tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublað nr. 305375 frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem hann hafði komist yfir, án þess að ákærði ætti nokkra inni-stæðu í bankanum...

4. Hinn 21. ágúst selt í verslun Hagkaupa, Skeifunni 15, 1.000 króna tékka, sem hann gaf út til handhafa á eyðublað nr. 181641 frá Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu, sem ákærði hafði stolið, eftir að hafa falsað á tékkann útgefandanafnið Jóhannes Magnússon.

Telst háttsemi ákærða í liðum 1 og 4 varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna, í lið 2 við 248. gr. sömu laga og í lið 3 við 73. gr. tékkalaga nr. 93, 1933 sbr. lög nr. 35, 1977.

4.

Laugardaginn 25. ágúst 1984 ekið bifreiðinni R-46603 um götur í Reykjavík sviptur ökuleyfi ævilangt...

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

5.

Mánudaginn 25. febrúar 1985 slegið eign sinni á seðlaveski Christians Emils Þorkelssonar, Hraunbæ 186, Reykjavík, sem hann fann á salerni í JL-húsinu við Hringbraut í Reykjavík, en í veskinu var auk skilríkja tékkhefti frá Réttarholtsútibúi Iðnaðarbanka Íslands í Reykjavík.

6.

Daginn eftir falsað og selt í bönkum í Reykjavík eftirgreinda 6 tékka, samtals að fjárhæð kr. 58.000, sem hann gaf út til handhafa á reikning nr. 2353, með útgefandanafninu Helgi Brandsson, á eyðublöð úr tékkheftinu sem hann komst yfir samkvæmt síðasta ákærulið, og hafa jafnframt við sölu tékkanna framvísað ökuskipteini ofangreinds Christians Emils og falsað framsalsáritun á tékkana með nafni hans:

Tékki nr. 31332, að fjárhæð kr. 8.000, seldur í aðalbanka Búnaðarbanka Íslands.

Tékki nr. 31333, að fjárhæð kr. 10.000, seldur í útibúi Verslunarbankans, Arnarbakka 2.

Tékki nr. 31334, að fjárhæð kr. 10.000, seldur í Landsbanka Íslands við Lækjargötu.

Tékki nr. 31335, að fjárhæð kr. 10.000, seldur í Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands.

Tékki nr. 31337, að fjárhæð kr. 10.000, seldur í útibúi Inaðarbanka Íslands í Breiðholti.

Tékki nr. 31338, að fjárhæð kr. 10.000, seldur í Langholtsútibúi Landsbanka Íslands.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 157. gr. hegningarlaganna.

7.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1985 slegið eign sinni á myndbandstæki, sem hann hafði tekið á leigu fyrr um daginn hjá myndbandaleigunni Nýbýlavegi 48, Kópavogi, og selt tækið Hafliða Ólafssyni, Álfatröð 1, Kópavogi.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I.

Ákærðu hafa játað að hafa laugardaginn 25. ágúst 1984, falsað nöfn á þá 11 víxla sem í ákæru greinir, ákærða E nafn útgefanda, Sigrúnar Jónsdóttur, og ákærði Rögnvaldur Ómar Berg nafn ábekings, Höskulds Magnússonar, og ákærði Rögnvaldur Ómar Berg hefur kannast við að hafa síðan

afhent víxlana á bílasölunni Bílaskiptum hf., Skipasundi 83 hér í borg, og keypt fyrir þá bifreiðina R-46603.

Verknaður ákærða Rögnvalds Ómars Berg þykir varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga en eins og atvikum er háttað þykir ákærðu E ekki verða gefin sök á brotinu sem aðalmanni og ber að heimfæra verknað hennar undir 1. mgr. 155. gr. sbr. 22. gr. sömu laga.

II.

Ákærði Rögnvaldur Ómar Berg.

1. Ákærði hefur játað að hafa í júnibyrjun 1984 brotist inn í íbúðarhúsið nr. 12 við Langagerði hér í borg og stolið þar þeim verðmætum sem í ákæru greinir.

Með þessu athæfi hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærði hefur játað að hafa notað í viðskiptum í Reykjavík í júlí 1984 tékka sem hann hafði falsað og lýst er í 2. tl. II. kafla ákærunnar með þeim hætti sem þar er lýst.

Með þessu atferli hefur ákærði bakað sér refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærði hefur játað að hafa gefið út og notað í viðskiptum í júlí og ágúst 1984 í Reykjavík tékka þá sem lýst er í 3. tl. II. kafla ákærunnar með þeim hætti sem þar greinir. Tékka nr. 1 og 4 (eyðublað nr. 96485 og nr. 181641) gaf ákærði út með fölsuðum nöfnum, tékka nr. 2 (eyðublað nr. 305374) með ólæsilegri nafnritun og tékka nr. 3 (eyðublað nr. 305375) með eigin nafni.

Notkun ákærða á tékkum nr. 1 og 4 varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, notkun tékka nr. 2 þykir varða við 248. gr. sömu laga og notkun ákærða á tékka nr. 3 þykir varða við 73. gr. tékkalaganna nr. 93, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Í málinu hefur ekki verið borin fram krafa um opinbera ákæru fyrir útgáfu ákærða á tékka nr. 3, eins og áskilið er í 2. mgr. 73. gr. tékkalaganna. Ber því að vísa þessum ákæruilið frá dómi.

4. Ákærði hefur kannast við að hafa, föstudaginn 31. ágúst 1984, ekið bifreiðinni R-46603 um götur í Reykjavík, sviptur ökuréttindum ævilangt, en ekki laugardaginn 25. ágúst eins og segir í ákærunni.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 13. júní sl. var ákærða refsað fyrir brot þetta og ber því að vísa þessum ákæruilið frá dómi.

5. Ákærði hefur játað að hafa, mánudaginn 25. febrúar 1985 slegið eign sinni á seðlaveski, sem hann fann á salerni í JL-húsinu við Hringbraut. í Reykjavík.

Þetta athæfi ákærða varðar hann refsingu samkvæmt 246. gr. almennra hegningarlaga.

6. Ákærði hefur játað að hafa í febrúar 1985 falsað og selt í bönkum í Reykjavík þá sex tékka sem lýst er í 6. tl. II. kafla ákærunnar, og eins og nánar er rakið þar. Við framvísun tékkanna notaði ákærði skilríki annars manns.

Í ákærinni er atferlið talið varða við 1. mgr. 155. gr. og 157. gr. almennra hegningarlaga, en eins og atvikum er háttað þykir það einungis eiga undir 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna sem tæmir sök gagnvart 157. gr. laganna.

7. Ákærði hefur játað að hafa slegið eign sinni á myndsegulbandstæki sem hann tók á leigu í myndbandaleigu á Nýbýlavegi 48 í Kópavogi og að hafa selt tækið 22. febrúar 1985, nafngreindum manni.

Ákærði hefur með þessu unnið til refsingar samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu eru gerðar kröfur um fóbætur á hendur ákærða Rögnvaldi Ómari, sem hér segir:

— — —
Refsingar:

Samkvæmt sakavottorði ákærða Rögnvalds Ómars Berg hefur hann sætt refsingum, sem hér segir:

— — —

[Sjá bls. 478.]

Brot ákærða samkvæmt ákæruliðum I og II, 1-4 eru framin fyrir uppkvaðningu dómsins frá 27. nóvember 1984 en brotin samkvæmt ákæruliðum II, 5 og 7 fyrir uppkvaðningu dómsins frá 26. febrúar sl. og brotin í ákærulið II, 6 sama dag og dómurinn var kveðinn upp. Refsingu ákærða verður, í ljósi þessa og með hliðsjón af sakferli hans, að ákveða með tilliti til 71. gr., 72. gr., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í 10 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 1. til 12. september 1984.

Skadabætur:

— — —

Sakarkostnaður:

Dæma ber ákærðu E og Rögnvald Ómar Berg til þess að greiða allan sakarkostnað, ákærða Rögnvald Ómar að 4/5 hlutum og ákærðu E að 1/5 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærða E sæti fangelsi í 4 mánuði en fullnustu refsingarinnar skal

fresta og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði Rögnvaldur Ómar Berg greiði skaðabætur sem hér segir:

— — —
 Ákærðu greiði allan sakarkostnað, ákærði Rögnvaldur Ómar að 4/5 hlutum og ákærða E að 1/5 hluta.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. júní 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 20. júní er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur settum saka-dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 350/1985: Ákærvaldið gegn Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. júní sl., á hendur ákærða Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, nú refsifanga, til lögheimilis að Keldulandi 7, Reykjavík, fæddum þar í borg þann 16. júní 1957, „fyrir eftirgreind brot:

I. Fyrir skjalafals með því að hafa í mars 1985, er hann tók á leigu hjá Bílaleigunni Geysi, Borgartúni 24, Reykjavík, bifreiðina R-73484 sagst vera Christian Þorkelsson, og undirritað leigusamning um bifreiðina með því nafni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II. Fyrir að aka laugardaginn 16. mars 1985 nefndri bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt um götur í Reykjavík og svo óvarlega austur Miklubraut við Stakkahlið að bifreiðin rakst aftan á bifreiðina A-2878 sem þar var kyrrstæð við gangbrautarljós og fyrir að aka þaðan brott af vettvangi án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna árekstursins að Yrsufelli 13-15.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 41. gr., 5. mgr. 45. gr. 1., 2. og 3. mgr., staflíði a og j, 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar eða sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Þann 12. mars sl. gerði ákærði leigusamning við bílaleiguna Geysi hér í borg um leigu á bifreiðinni R-73484. Undirritaði ákærði leigusamninginn með nafninu Christian E. Þorkelsson, en ákærði var sviptur ökuréttindum. Næstu daga ók hann bifreiðinni um borgina.

Um kl. 15.05 laugardaginn 16. mars barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning þess efnis að ofangreindri bifreið hefði verið ekið með miklum hraða austur Miklubraut að gatnamótum Miklubrautar og Stakkahlíðar. Við gangbrautarljósin þar var kyrrstæð bifreið, A-2878 þar sem rautt ljós logaði á götuvatnum. Ökumaður R-73484, ákærði í máli þessu, ók þá bifreiðinni aftan á A-2878 þar sem hann gat ekki stöðvað í tæka tíð vegna hraðans, og kastaðist A-2878 við það nokkra metra áfram. Ákærði ók þá viðstöðulaust af vettvangi án þess að stöðva og sem leið lá að Yrsufelli 13-15. Fundu lögreglumenn bifreiðina þar skömmu fyrir kl. 20.00 um kvöldið og var hún mikið skemmd að framanverðu.

Ákærði hefur borið að hann hafi bæði verið undir áhrifum áfengis- og lyfja við aksturinn. Hann kvaðst hafa neytt áfengis daginn fyrir áreksturinn og þann sama dag hafi hann neytt auk áfengis ca 10 taflna af lyfinu diazepam.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, er framangreind háttsemi hans sönnuð. Varðar skjalafals ákærða við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, en ofangreindur akstur hans við tilgreind ákvæði í II. kafla ákæruskjals, auk þess varðar sú háttsemi hans að aka undir áhrifum lyfja við 2. mgr. 24. gr. umferðarlaga, en þar sem hann er ekki ákærður fyrir þá háttsemi verður honum ekki gerð refsing fyrir hana.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Rögnvalds Ómars Berg hefur hann frá árinu 1974 11 sinnum gengist undir dómsátt, þar af 6 sinnum fyrir ölvun á almannafæri, einu sinni fyrir fíkniefnabrot, tvívegis fyrir réttindaleysi við akstur, einu sinni fyrir ölvun við akstur og einu sinni vegna brots gegn sjómanna-og áfengislögum. Þá hefur hann þrívégis verið dæmdur vegna ölvunar við akstur. Auk þeirra dóma hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1975 30/9 Sakfelldur fyrir þjófnað. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.
- 1975 20/11 Sakfelldur fyrir þjófnað. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.
- 1977 28/3 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og ölvun við akstur. Sviptur ökuleyfi ævilangt.
- 1977 18/4 Sakfelldur fyrir þjófnað. Refsing ekki dæmd.

- 1977 15/11 Sekt fyrir ölvun við akstur og ýmis umfl. brot.
 1978 6/10 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
 1983 12/10 60 daga varðhald fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur svo
 og of hraðan akstur. Svíptur ökuleyfi ævilangt.
 1984 17/11 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
 1985 26/2 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Hegningarauki.

Auk þess var ákærði dæmdur þann 13. þ.m. í 6 mánaða fangelsi fyrir fjársvik, þjófnað, ölvun og réttindaleysi við akstur.

Brot þau, sem fjallað er um í dómi þessum, eru framin áður en síðastgreindur refsisdómur yfir ákærða var upp kveðinn, og ber því nú að ákveða honum hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. sömu laga 2 mánaða fangelsi. Ökuleyfissvipting ákærða verður ekki árétuð hér.

Í málinu liggur frammi skaðabótakrafa Bílaleigunnar Geysis samtals að fjárhæð kr. 89.779. Ákærði hefur mótmælt henni. Þar sem krafan er með öllu örökstudd er henni vísað frá dómi.

Ákærði er dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 28. febrúar 1986.

Nr. 68/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Arnóri Vikari Arnórssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.